

# Staðlar fyrir Klúbbinn Geysi



Alþjóðlegir staðlar samkvæmt hugmyndafræði  
Clubhouse international  
Fountain House.

Uppfærðar í apríl 2017

Klúbburinn Geysir Skipholt 29, 105 Reykjavík

Sími: 551-5166

Netfang: [kgeysir@kgeysir.is](mailto:kgeysir@kgeysir.is)

Veffang: <http://www.kgeysir.is>

## **Félagsaðild**

- 1 Félagsaðild er valfrjáls og óháð tímamörkum.
- 2 Klúbburinn ákvarðar inntöku nýrra félaga. Félagsaðild er opin öllum sem eiga sögu um geðsjúkdóm nema viðkomandi sýni marktæka og viðvarandi ógn við almennt öryggi í klúbbnum.
- 3 Félagar ráða hvernig þeir nýta sér starfsemi klúbbsins og með hvaða starfsfólki þeir vinna. Það er ekkert samkomulag, samningar, áætlanir eða reglur sem þvinga féлага til þátttöku.
- 4 Allir félagar hafa jafnan aðgang að öllum tækifærum í starfsemi klúbbsins óháð sjúkdómsgreiningu eða getu.
- 5 Félögum er frjálst að taka þátt í allri skýrslugerð vegna þátttöku þeirra í klúbbnum. Allar slíkar skýrslur eiga að vera undirritaðar af féлага og starfsmanni.
- 6 Félagar eiga rétt á að koma aftur í klúbbinn án tafar eftir fjarveru, óháð því hve lengi þeir hafa verið frá, nema endurkoma þeirra ógni klúbbhúsinu.
- 7 Klúbburinn sér um að ná til félaga með virkum hætti, sem ekki eru að mæta og eru að einangrast eða leggjast inn á sjúkrahús.

## **Samband starfólks og félaga**

- 8 Allir klúbbhúsafundir eru opnir bæði félögum og starfsfólki. Ekki eru haldnir formlegir aðskildir fundir starfsfólks eða félaga þar sem ákvarðanir um starfsemina og málefni einstakra félaga eru rædd.
- 9 Fjöldi starfsfólks skal vera nægur til að virkja féлага, þó ekki meiri en svo að þátttaka félaga sé nauðsynleg.
- 10 Starfsfólk klúbbsins gegnir almennu hlutverki og skiptir með sér vinnu í einstökum deildum. Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á atvinnumálum og húsnæðismálum félaga, frídögum, félagsstarfi á kvöldin og um helgar.

Starfsfólk klúbbsins skal ekki sinna öðru krefjandi starfi samhliða starfi sínu í klúbbum sem stangast á við sérstakt samband félaga og starfsfólks.

- 11 Starfsfólk og félagar klúbbsins bera sameiginlega ábyrgð á starfseminni en þó liggur ábyrgðin endanlega hjá framkvæmdastjóra. Ábyrgð hans felst í því að virkja félag og starfsfólk til þátttöku á öllum sviðum starfseminnar.

## **Rými**

- 12 Klúbburinn hefur sitt eigið auðkenni, nafn, póstfang og símanúmer.
- 13 Starfsemi klúbbsins fer fram í eigin húsnæði. Húsnæðið er aðskilið hvers konar stofnunum fyrir geðsjúka. Starfsemi er með öllu ótengd annarri geðheilbrigðis meðferð. Húsnæðið skal henta vinnumiðuðum degi og vera aðlaðandi. Klúbbhúsið skal vera nægilega stórt og búa yfir virðingu og reisn.
- 14 Allt rými hússins er aðgengilegt félögum og starfsfólki. Ekkert rými er eingöngu fyrir starfsfólk eða félag.

## **Vinnumiðaður Dagur**

- 15 Vinnumiðaður dagur felur í sér samvinnu starfsfólks og félaga, hlið við hlið við rekstur klúbbsins. Klúbburinn einbeittir sér að styrk, hæfileikum og getu hvers félaga. Þess vegna má vinnumiðaður dagur í klúbbum hvorki fela í sér lyfjameðferð sjúkrahúsa né meðferðaráætlun dagþjónustuurræða.
- 16 Öll starfsemi klúbbsins er eingöngu í þágu klúbbsins til að stækka hann og efla. Engin vinna fyrir utanaðkomandi einstaklinga eða umboðsaðila, gegn gjaldi eða ekki er ásættanleg innan klúbbsins. Félögum eru ekki greidd laun fyrir nein störf innan klúbbsins. Ekki er heldur notast við nein tilbúin verðlaunakerfi.
- 17 Klúbburinn er opinn minnst fimm daga í viku. Vinnumiðaður dagur er hliðstæður dæmigerðum vinnutíma.

- 18 Starfsemi klúbbsins er skipt í eina eða fleiri deildir. Hver deild skal hafa nóg af starfsmönnum, félögum og þýðingarmiklum verkefnum til að halda uppi virkum vinnumiðuðum degi. Deildarfundir eru haldnir til að hlúa að tengslum og jafnframt að skipuleggja verkefni dagsins.
- 19 Öll vinna klúbbsins er sniðin að því að hjálpa félögum til að endurheimta sjálfsvirðingu, tilgang og sjálfstraust. Klúbburinn er ekki ætlaður til sérstækrar starfsþjálfunar.
- 20 Félagar hafa tækifæri til að taka þátt í allri starfsemi klúbbsins, þar á meðal stjórn, könnunum, skráningum og aðlögun nýrra félaga, ásamt því að ná til óvirkra félaga. Einnig taka félagar þátt í ráðningum, þjálfun og mati á starfsmönnum. Félagar skulu líka koma að almannatengslum og málsvörn fyrir hönd klúbbsins og meta árangur klúbbstarfsins.

### **Atvinna**

- 21 Klúbburinn gerir félögum sínum kleift að snúa aftur til launaðra starfa með ráðningu til reynslu (RTR), atvinnu með stuðningi(AMS), eða sjálfstæðri ráðningu (SR). Klúbburinn útvegar félögum ekki launaða vinnu innan klúbbsins, við rekstur á vegum klúbbsins né á vernduðum vinnustöðum.

### **Ráðning til reynslu**

- 22 Klúbburinn veitir félögum tækifæri og aðstoð við atvinnuleit sem byggist á RTR. Þar gefst félögum möguleiki á störfum á almennum vinnumarkaði. Það sem einkennir RTR er að klúbburinn tryggir staðgengil vegna forfalla félaga. Þar að auki gilda eftirfarandi grunnforsendur fyrir RTR.
  - a) Löngunin til að vinna er mikilvægust þegar ákvörðun er tekin um ráðningu.
  - b) Atvinnutækifæri munu áfram bjóðast félögum óháð árangri í fyrri störfum.
  - c) Félagar vinna í fyrirtæki vinnuveitanda.

- d) Vinnuveitandi greiðir félögum laun skv. launataxta hverju sinni, ekki lægri en lágmarkslaun.
- e) RTR nær yfir sem fjölbreyttust svið atvinnulífsins.
- f) RTR eru hlutastörf og tímatakörkuð, að jafnaði 15 - 20 klst. á viku, í 6 - 9 mánuði.
- g) Val og þjálfun félaga í RTR störf er á ábyrgð klúbbsins en ekki vinnuveitanda.
- h) Félagar og starfsfólk klúbbsins halda skýrslur um RTR fyrir alla viðeigandi aðila sem félagar þiggja bætur hjá.
- i) Starfsfólk og félagar klúbbsins stjórna og hafa umsjón með RTR en ekki RTR sérfræðingar.
- j) Það eru engin RTR störf innan klúbbsins. RTR störf á vegum óskyldra aðila verða að vera aðskilin klúbbhúsinu og fullnægja öllum ofangreindum skilyrðum.

### **Sjálfstæð ráðning og atvinna með stuðningi**

- 23 Klúbburinn býður upp á atvinnu með stuðningi og sjálfstæða ráðningu. Í því felst að aðstoða félaga við að tryggja og viðhalda störfum sínum til þess að bæta þá í starfi. Atvinna með stuðningi felst meðal annars í því að klúbburinn viðheldur sambandi við vinnuveitanda og klúbbfélaga. Félagar og starfsfólk klúbbsins ákvarða í sameiningu tegund, tíðni og umgjörð umrædds stuðnings.
- 24 Félagar sem vinna á almennum vinnumarkaði halda áfram að njóta sömu réttinda, tækifæra og stuðnings hjá klúbbum. Þar með talið lögbundnum réttindum og aðstoð í lögfræði-, fjár-, húsnæðis-, meðferðar- og öðrum persónulegum málum, auk þátttöku í kvöld og helgisdagskrá klúbbsins.

### **Menntun**

- 25 Klúbburinn aðstoðar félaga við að ná atvinnu- og menntamarkmiðum sínum með því að nýta sér menntunartækifæri sem í boði eru í samfélaginu. Þegar klúbburinn býður að auki upp á námskeið innan húss skal

nýta kennslu og leiðbeinindahæfileika félaga svo eftir sé tekið.

### **Virkni klúbbsins**

- 26 Klúbburinn skal vera staðsettur þar sem samgöngur eru tryggar, s.s. tíðar ferðir almenningsvagna. Auðvelt skal vera að komast til og frá klúbbum og í vinnu (RTR). Klúbburinn sér um eða skipuleggur aðra ferðamöguleika, ef almennar samgöngur eru takmarkaðar.
- 27 Félagar og starfsfólk styðja við félaga. Slíkur stuðningur er kjarninn í uppbyggingu deilda og varðar almenn réttindi, húsnæðis- og lögfræðimál, aðstoðað við að finna fullnægjandi læknis-, sálfræði- og lyfjameðferð, ásamt meðferð vegna fíknar.
- 28 Lögð er áhersla á að hjálpa félögum við að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
29. Klúbburinn skuldbindur sig til að tryggja öllum félögum val um öruggt og boðlegt húsnæði á viðráðanlegu verði. Einnig er aðstoðað við að tryggja félögum sjálfstæða búsetu. Klúbburinn á að hafa aðgang að húsnæði sem mætir þessum skilyrðum, ef ekki þróar hann sína eigin húsnæðisáætlun. Húsnæðisáætlun klúbbsins verður að uppfylla eftirfarandi grunnskilyrði.
  - a) Félagar og starfsfólk hafa sameiginlega umsjón með áætluninni.
  - b) Félagar búa í húsnæðinu að eigin vali.
  - c) Félagar velja sér herbergisfélaga og staðsetningu húsnæðis.
  - d) Stefna og starfshættir eru þróuð í samræmi við aðra stefnu klúbbsins.
  - e) Stuðningurinn er breytanlegur í samræmi við þarfir félaga.
  - f) Félagar og starfsfólk aðstoðar félaga við að halda húsnæði sínu, sérstaklega á meðan á sjúkrahúsvist stendur.

- 30 Klúbburinn framkvæmir hlutlægt mat á árangri starfseminnar, þar með talin er vottun alþjóða klúbbhúsahreyfingarinnar.
- 31 Framkvæmdarstjóri klúbbsins, félagar, starfsmenn og aðrir viðeigandi aðilar taka þátt í þriggja vikna þjálfun í hugmyndafræði klúbbhúsahreyfingarinnar í viðurkenndu þjálfunarhúsi.
- 32 Klúbburinn hefur umsjón með afþreyingu og félagslegri dagskrá á kvöldin og um helgar. Haldið er upp á hátíðisdaga á þeim dögum sem þá ber upp á.

### **Fjármögnun stjórnun og framkvæmd**

- 33 Klúbburinn hefur sjálfstæða stjórn. Stjórnin er skipuð einstaklingum sem geta veitt klúbbum stuðning varðandi fjárhag, lögfræði, stjórnsýslu, atvinnutækifæri, neytendaráðgjöf sem er í boði í samfélaginu, og verið málsvarar klúbbsins. Ef starfsemi klúbbsins er tengd annarri stofnun eða samtökum er stjórn þeirra aðskilin og ráðgefandi.
- 34 Klúbburinn útbýr eigin fjárhagsáætlun og vinnur eftir henni. Stjórnin eða ráðgefandi stjórn samþykkir fjárhagsáætlunina við upphaf hvers fjárlagaárs. Stjórnin kemur með tillögur og veitir ráðgjöf í upphafi fjárlagaársins og fylgist reglubundið með áætluninni yfir allt fjárlagaárið.
- 35 Laun starfsmanna skulu vera samkeppnishæf við laun starfsmanna í sambærilegri stöðu á geðheilbrigðissviði.
- 36 Klúbburinn nýtur stuðnings viðeigandi heilbrigðisyfirvalda og hefur öll nauðsynleg vottorð og leyfi til starfseminnar. Klúbburinn leitar eftir og viðheldur góðu samstarfi við einstaklinga og stofnanir sem getur leitt til þess að staða klúbbsins styrkist og eflist í samfélaginu.
- 37 Klúbburinn heldur opna umræðufundi þar sem félagar og starfsfólk eru virkir þátttakendur og almennt teknar samhljóða ákvarðanir er varða framkvæmd, stefnumótun og markmið klúbbsins.

# Alþjóðlegir staðlar Klúbbhúsahreyfingarinnar

Alþjóðlegir staðlar fyrir klúbbhús eru samþykktar samhljóða af Klúbbhúsahreyfingunni um allan heim og í þeim eru endurhæfingarmarkmið hennar skilgreind. Grundvallarmarkmið staðlanna er að vera miðpunktur að árangursríku starfi hreyfingarinnar: Að hjálpa fólki sem á við geðræn veikindi að stríða til að þurfa ekki að dvelja á stofnunum á meðan það er að ná markmiðum sínum sem varða félagslíf, fjárhag og atvinnu. Staðlarnir þjóna einnig hlutverki „stjórnarskrár“ félaga og eru siðareglur starfsfólks og stjórnarmanna. Í stöðlunum er þess krafist að klúbbhúsið sé staður virðingar og tækifæra.

Staðlarnir eru sá grunnur sem Clubhouse International byggir viðurkenningu sína á þegar gæði klúbbhúsa eru metin.

Annað hvert ár endurskoðar alþjóða klúbbhúsasamfélagið staðlana og breytir þeim ef þess þarf. Endurskoðunin er samhæfð af endurskoðunarnefnd Clubhouse International, skipuð félögum og starfsfólki viðurkenndra klúbbhúsa um allan heim.



**UNIQUE  
AND  
TOGETHER**

